

Akureyri, 4. maí 2022.



Undirritaður, Hermann Ragnar Jónsson, kt. 080652-7719, Búðasiðu 7, 603 Akureyri, hef setið á kirkjuþingi í tvö ár og lýsi því hér með yfir að ég er tilbúinn til áframhaldandi setu á kirkjuþingi, ef ég verð kosinn til þess.

Ég hef starfa núna í fjórum nefndum á vegum kirkjuþings.

1. Fjárhagsnefnd.
2. Kjörbréfanefnd.
3. Nefnd um stefnumótun Þjóðkirkjunnar, stofnsett árið 2022.
Áætlað er að nefndin skili niðurstöðu á haustþingi 2022.
4. Varamaður í framkvæmdanefnd Þjóðkirkjunnar.

Ég hef unnið og starfað í kirkjunni í tugi ára og þekki vel til allar starfa innan Þjóðkirkjunnar. Meðal annars var ég gjaldkeri í Sóknarnefnd Lögmannshlíðarsóknar fljótt eftir að Glerárkirkja var byggð. Á þeim tíma voru skuldir miklar og reksturinn mjög erfiður. Þá sást ekki til lands í fjármálum Lögmannshlíðarsóknar. Sem betur fer tókst að skuldbreyta lánnum og einnig var farið í aðrar mjög harðar aðgerðir til úrbóta á fjárhag Lögmannshlíðarsóknar. Í dag standa málin þannig að Glerárkirkja / Lögmannshlíðarsókn eru skuldlaus.

Eins og áður sagði, þá er ég tilbúinn til áframhaldandi setu á kirkjuþingi. Þessi tvö ár hafa verið mjög krefjandi, þar sem mikil vinna hefur farið í skipulagsbreytingar, einnig var mikil vinna á árinu 2021, vegna nýrra Þjóðkirkjulaga.

Ég er þeirrar skoðunar að næstu skref kirkjuþings verði, að koma á rekstrarjafnvægi á fjárhag Þjóðkirkjunnar.

Þar er ég tilbúinn til að leggjast á árar og ég er tilbúinn til að vinna vel fyrir Þjóðkirkjuna okkar. Ég er þeirrar skoðunar, að við núverandi aðstæður verði að vera til staðar leikmenn á kirkjuþingi, sem hafa einhverja reynslu og þekkingu á reksti fyrirtækja. Í því tilfelli þurfum við ekki já menn.

Ég er tilbúinn, ef ég fæ umboð til þess í komandi kosningu til kirkjuþings.

Virðingarfyllst.

Hermann Ragnar Jónsson.